

**Sp.**

## **2. Tillaga til þingsályktunar**

um ráðstafanir til að tryggja sjálfstæði Íslands að stjórnöldinni lokinni og um stjórn-  
málasamband við Sovétlýðveldin.

Flm.: Ísleifur Högnason, Brynjólfur Bjarnason, Jóhannes Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

1. Að fara þess á leit við stjórnir Bandaríkjanna, Bretlands og Sovétlýðveldanna að gefa sameiginlega yfirlýsingu um, að þessi ríki skuldbindi sig til að viðurkenna algert frelsi, fullveldi og friðhelgi Íslands að stjórnöldinni lokinni og taki ábyrgð á því, að það fái að njóta þessa sjálfstæðis og að ekki verði gengið á rétt þess á nokkurn hátt.
2. Að taka nú þegar upp stjórn málasamband við Sovétlýðveldin.

### **G r e i n a r g e r ð .**

Bandaríkin og Bretland hafa hvort um sig lofað að viðurkenna fullveldi Íslands að stjórnöldinni lokinni. Það er augljóst mál, að bezta tryggingin, sem unnt er að fá fyrir því, að sjálfstæði Íslands verði virt og hlutur þess ekki fyrir borð borinn að stjórnöldinni lokinni, er sameiginleg yfirlýsing þeirra stórvelda, sem greind eru í til-  
lögu þessari og hafa samstarf sín á milli í þessum ófriði og væntanlega við friðar-  
samningana að ófriðnum loknum.

Það virðist ekki þurfa að rökstyðja það nánar, að eins og nú hefur málum skip-  
azt, taki Ísland þegar í stað upp stjórn málasamband við Sovétlýðveldin.